

1. Þessi skai ákveðin tíma, sem athugunin skal gáro á dag líver. Tíma er hægt að fá í heilum klukkutíma (t.d. kl. 21:00-0:00).

2. Þessum aðeinsmáttum skal ganga út á díman að spilarar sem eru ófyrirvara um að fá sín með sínum og lífum ófyrirvara komið.

NORDURLJÓS

3. Athuga skal óve mikilli meðvinnuna er hvort um ógjós verði þess að leið i áttunda hlutum af órin himinhvölfins.

4. Athuga skal hvort norðurljós sjást, hvár á himni þau eru, hvorhig tiltegund og hvað hjórt.

5. Af þessum næðra borða
NORÐURLJÓSAATHUGANIR
skal skrifa í hringinn á výföldabínu við viðkomandi norður-
lífssamkerki.

6. Þessi a klukkuna um leið og athugun er lokið og skráð þann tíma
og 5 minútu.

7. Athuganis eyðileiðið eru vel sem unnt eru ófyrir síktjóð, eða til
þess til hinsins af ófrum Ástafum, skal skrifa tíma og nafja
síðan takýjanaka er þá (þ). Þá ekki síktjóð skal tiltef skrá
þegarleika norðurljósa og þvírr óð engin norðurljós sjáist.

8. Þegar ófylltur er hringur sá, sem tákna á himinhvölfis, skal
miðdepill grangsins tákna þann punkt á himni, sem er lögbéta yfir
athugunarmani, en hringferillinn tákna sjóndeildarhringinn.

9. Viðkomandi merki skal nota, þegar norðurljós eru teiknað inn í
hringinn.

Bogar og bünd

Geislabogar

Geislabetningar og geislabünd

Háimleibar og stórlífssamkerki

VEDURSTOFAN

Hárvör

September 1956

10. Þessi óvalt er með vott að óföldabínu við hverja athugun,
þarf um norðurljós sjást, óð ekki.

ATHUGUN NORDURLJÓSA

1. Velja skal ákveðinn tíma, sem athugunin skal gerð á dag hvern. Þetta á helzt að vera á heilum klukkutíma (t.d. kl. 21.00 o.s.frv.)
2. Á þessum athugunartíma skal ganga út á dimman stað, (þar sem ljós af mannavöldum lýsa sem minnst) og líta til lofts. Sé komið úr mikilli birtu innanhúss þurfa augun talsverða stund til að venjast myrkrinu.
3. Athuga skal hve mikill hluti himins er hulinn skýjum. Skal það talið í áttundu hlutum af öllu himinhvolfinu.
4. Athuga skal hvort norðurljós sjást, hvar á himni þau eru, hvernig útlitandi og hve björt.
5. Ef norðurljósabogar (eða geislabogar) sjást, skal mæld hæð/þeirra yfir sjóndeildarhring í norð-norðvestri (eða í suð-suðaustri). Hæðina skal skrifa í hringinn á eyðublaðinu við viðkomandi norðurljósamerki. neðra borðs
6. Lítið á klukkuna um leið og athugun er lokið og skráið pann tíma upp á mínútu.
7. Utfyllið eyðublaðið svo vel sem unnt er. Sé loft alskýjað, eða ef ekki sér til himins af öðrum ástæðum, skal skrifa tíma og skýjahulu (skýjahula er pá 8). Sé ekki alskýjað skal alltaf skrá styrkleika norðurljósa og þýðir ó að engin norðurljós sjáist.
8. Þegar útfylltur er hringur sá, sem tákna á himinholfið, skal miðdepill hringsins tákna pann punkt á himni, sem er löðrétt yfir athugunarmanni, en hringferillinn tákna sjóndeildarhringinn.
9. Eftirfarandi merki skal nota, þegar norðurljós eru teiknuð inn í hringinn:

Bogar og bönd	_____
Slæða	_____
Geislabogar og geislabönd	_____
Geislaslæða og stakir geislar	/ / /
Kóróna	*
10. Fyllið ávallt út einn reit á eyðublaðinu við hverja athugun, hvort sem norðurljós sjást, eða ekki.

FLOKKUN NORÐURLJÓSA

I Norðurljós án áberandi löörétttra ljósstafa eða geisla

- a Bogi. Fremur mjör og hreyfingarlítill bogi, sem liggur oft þvert yfir himininn í stefnu frá vest-suðvestri til aust-norðausturs.
- b Band. Likist boga, en er óreglulegri að lögun. Er oft sem skeifa eða S í laginu. Oft á mikilli hreyfingu.
- c Slæða. Óreglulega dreifð norðurljós án áberandi geisla. Venjulega á lítilli hreyfingu. Likjast stundum skýjum.

II Norðurljós með áberandi lööréttum ljósstöfum eða geislum

- d Geislabogi. Svipar til a, en lööréttir geislar eru áberandi í boganum.
- e Geislaband. Svipar til b, en lööréttir geislar eru áberandi.
- f Geislaslæða. Likist hangandi tjaldi, sem bylgjast um himininn. Lengri geislar en í geislabandi.
- g Stakir geislar. Oft mjög langar lööréttar ljósrákir og er stefna þeirra ávallt frá sjóndeildarhring að punkti mjög hátt á himni, en liggja aldrei þvert yfir háhvolfið.
- h Kóróna. Geislaslæða (eða geislabönd) mjög hátt á himni, og virðast geislarnir koma saman í einum punkti.

Hávinn


Tanjókunni

Tanjókunni


Nerðugjörð með hangandi geislaum í lööritum lyktífor



Sláða við
sjóndeildolækningu



Bogi




Bogar



Sláða



Band




Band


Nordurljós án áberandi geisla ða lóðréttura ljósstafa




Geislaband



Geislabogi




Stakir geislar



Kóróna



Geislaband



Geislaskæða

Nordurljós með áberandi geislum ða lóðréttum ljósstöfum

Með víska nordurljós eru athugið.

Nordurljós myndast þegar mjög hræðara rafmagnar afnisaugirinnar inn i efstu lög gufuhvolsins. Afnisaugir passar koma frá síðan og berast til jarðarinnar 4 um 20 kist. Fjöldi þeirra er mjög tiltekinandi frá sinum tíma til annars. Segulmagn jarðarinnar veldur því, að þessar rafmagnar sigrir berast sínum inni í gufuhvörfum og óvinnur beltum, sem liggja umhverfis segulskaut jarðarinnar. Þegar afnisaugirnar rekast á frumindir eða sameindir loftslaus myndast líf.

NORDURLJÓS

Norðurljósin eru umhverfis segulskaut jarðarinnar, og er fáaðar með tveimur beltum, þar sem liggur umhverfis segulskaut jarðarinnar, og er fáaðar með tveimur beltum, þar sem liggur umhverfis segulskaut jarðarinnar.

Litur og lögum. Útlit norðurljósa er mjög breytilegt, en þó má skipta þeim í two höfuðflokk, eftir því hvort í þeim sjást geislar (lóðréttir ljósstafir) eða ekki. Þó er ekki alltaf auðvelt að greina milli þessara tveggja höfuðflokkar og stundum sjást samtímis norðurljós úr báðum flokkum.

Báðum þessum norðurljósaflokkum má skipta í undirflokk, svo sem boga, bönd, slæður o.s.frv.

Bogarnir eru að sumu leyti merkilegastir þessara undirflokk, og jafnframt mjög algengir. Þeir sjást oft teygja sig þvert yfir himininn frá austri til vesturs og eru að jafnaði fremur hreyfingarlitlir. Enginn veit, hve langir norðurljósabogarnir eru, en bogi sem liggur í loo km hæð (sem er algengust hæð peirra) og sést teygja sig frá sjóndeildarhring í vestri þvert yfir háhimininn og að sjóndeildarhring í austri er minnst 2000 km langur, og sumra álit er, að bogar þessir geti legið í hring umhverfis segulskaut jarðarinnar, þótt slikt hafi ekki ennþá verið sannað með athugunum.

Önnur form norðurljósa, sem eftirtektarverð eru, eru t.d. stakir geislar, sem sjást sem langar mjóar ljósrákir, og er stefna peirra alltaf frá sjóndeildarhring að ákveðnum punkti mjög hátt á himni. Geislar þessir geta verið mjög langir og náð hér um bil frá sjóndeildarhring að hápunktum himins.

Geislaslæður geta verið mjög fagrar. Likjast þær oft hangandi tjöldum, sem bylgjast um himininn og hreyfast jafnan mjög mikið. Ef slæður þessar eru mjög hátt á himni, þá virðist stundum sem geislar slæður komi saman í einum punkti nálaðt hápunktum himinsins. Er það nefnt kóróna.

Litur norðurljósa getur verið með ýmsu móti, þó er gulgrænn eða grænn litur lang algengastur. Þegar norðurljósin eru mjög dauf, greinir er augað enga liti, og virðast þau þá gráhvít. Ekki er óalgengt að ýmis litbrigði sjáist í norðurljósunum, og er rautt eða fjólblátt algengstu litirnir. Þessir litir sjást oft í jöðrum mjög bjartra norðurljósa. Sjaldgæfara er það, að norðurljósin í heild hafi annan lit en pann gulgræna, þó það komi fyrir. Stundum sjást rauð norðurljós. Geta þau verið af mismunandi lögum, en munu hér á landi jafnan sjást á suðurlofti. Mjög mikil og áberandi rauð norðurljós sáust hér á landi og viðar í Evrópu að kvöldi 25. janúar 1938.

Einnig er það til, að norðurljós séu blá (mjög sjaldgæft). Það eru aðeins stakir norðurljósageislar sem sést hafa með þessum lit. Einnig mun það vera til, að norðurljósageislar séu útfjólubláir, þar eð stundum hafa komið fram á ljósmyndum norðurljósageislar, sem ekki hafa sést berum augum.

Hvers vegna norðurljós eru athuguð.

Norðurljós myndast þegar mjög hraðfara rafmagnaðar efnisagnir koma inn í efstu lög gufuhvolfsins. Efnisagnir þessar koma frá sólinni og berast til jarðarinnar á um 20 klst. Fjöldi peirra er mjög mismunandi frá einum tíma til annars. Segulmagn jarðarinnar veldur því, að þessar rafmögnuðu agnir berast einkum inn í gufuhvolfið í tveimur beltum, sem liggja umhverfis segulskaut jarðarinnar. Þegar efnisagnirnar rekast á frumeindir eða sameindir loftsins myndast ljós, sem nefnt er norðurljós.

Norðurljósin eru algengust í tveimur beltum, þar sem annað liggur umhverfis nyrðra segulskaut jarðarinnar, og er fjarlægðin frá segulskautinu um 2500 km. Hitt beltið liggur umhverfis syðra segulskautið (suðurljós).

Nyrðra segulskaut jarðarinnar liggur skammt vestan við Thule á Grænlandi. Norðurljósabeltið liggur því yfir Ísland, og eru meiri norðurljós hér á landi, en í flestum, ef ekki öllum öðrum löndum. Vegna legu landsins er því mjög fróðlegt að gera athuganir á norðurljósum hér á landi.

Það hefir sýnt sig, að mikið samband er á milli norðurljósa, segultrufana og vissra tegunda útvarpstruflana. Á þeirri öld tækni og vísinda, sem við lifum á, eru gerðar miklar kröfur um rannsókn á öllum þeim fyrirbærum, sem hula vanþekkingar hvílir yfir, eða valda ófyrirsjáanlegum truflunum á einhverri starfsemi.

Til þess að verða við þessum kröfum varðandi ýmis jarðeðlisfræðileg fyrirbæri, hefir verið stofnað til svokallaðs "jarðeðlisfræðiárs". Ær þar um að ræða samtök flestra þjóða heims, um samtimis mælingar og athuganir á ýmsum jarðeðlisfræðilegum fyrirbærum. Tvisvar áður hefir verið stofnað til svipaðra samtaka, sem þó voru að mestu leyti bundin við heimskautasvæðin. Voru það "Pólarárin" 1882-83 og 1932-33. Hið fyrirhugaða jarðeðlisfræðiár nær yfir tímabilið 1. júlí 1957 til ársloka 1958.

A jarðeðlisfræðiárinu verður lögð mjög mikil áherzla á hverskonar rannsóknir á efsta hluta gufuhvolfsins, m.a. á norðurljósum.

Því má segja, að þrjár höfuðástæður séu fyrir norðurljósaathugunum hér á landi.

1. Að bæta úr vanþekkingu okkar um norðurljós, eins og þau sjást hér á landi.
2. Að stuðla að aukinni þekkingu á efstu lögum gufuhvolfsins með sérstöku tilliti til útvarpssendinga.
3. Undirbúningur og pátttaka í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir norðurljósa, ásamt fleiri jarðeðlisfræðilegum fyrirbærum.

Hvað athuga þarf.

Vísindamaðurinn vill vita hvar og hvenær vart verður norðurljósa. Hann vill vita hvernig þau líta út, hvort þau eru björt eða dauf, hvort vart verður óvenjulegra litbrigða í þeim o.s.frv.

Athuganir þær, sem hér verða gerðar munu einkum beinast að því, að ákvarða hve norðurljós eru algeng og hvar þau sjást.

Til þess að fá rétt yfirlit um það hve oft norðurljós sjást, þarf að athuga þau á fyrirfram ákvæðnum tíma. Yfir veturninn mun varla líða svo nött, að ekki verði vart einhverra norðurljósa, ef ekki er skýjað loft, en þessi norðurljós geta vel farið fram hjá mönnum, sem jafnan eru í húsum inni mestan hluta þess tíma, sem myrkt er. Það er því jafnan miklum tilviljunum háð, hvort menn sjá norðurljós eða ekki.


EKKI ER UNNT AÐ LOSNA VIÐ PESSAR TILVILJANIR, NEMA ATHUGUN FARI ÁVALLT FRAM Á SAMA TÍMA SÓLARHRINGSINS. MENN PEIR, SEM ATHUGA VEÐRIÐ FYRIR VEÐURSTOFUNA PURFA AÐ FARΑ ÚT Á ÁKVÆÐNUM TÍMA HVERN DAG TIL AÐ LESA AF HITAMÆLUM, GÁ AÐ SKÝJUM O.S.FRV. EF PEIR LÍTA SAMTIMIS EFTIR NORÐURLJÓSUM OG SKRÁSETJA PÆR ATHUGANIR, Á AÐ FÁST YFIRLIT, SEM ÓHÁÐ

er tilviljunum um norðurljós.

Séu slíkar athuganir gerðar tvisvar eða þrisvar á nóttu fæst nokkurt yfirlit um tíðleika norðurljósa á mismunandi tímum nætur, en við vitum alltof lítið um daglega sveiflu í tíðni norðurljósa.

Annað atriði, sem lítið er vitað um, en ýmsa fýsir að vita, er nokkurn veginn nákvæm staðsetning á belti því, þar sem norðurljós eru algengust. Ekki er enn fengin full vitneskja um hvort belti þetta liggur þvert yfir Ísland, eða hvort það liggur fyrir sunnan land, eins og ýmsir vísindamenn hafa haldið fram.

Til þess að fá sәmilegar upplýsingar um það, hvar norðurljósin raunverulega eru, þarf að athuga hve hátt á lofti þau sjást. Þessu til skýringar má geta þess, að neðra horð norðurljósa er oftast í 100-110 km hæð yfir jörðu.



Myndin sýnir hvernig norðurljós í loo km hæð sjást. Ef þau eru í loo km fjarlægð sjást þau 45° fyrir ofan sjóndeildarhring, ef þau eru í 200 km fjarlægð sjást þau um 26° fyrir ofan sjóndeildarhring o.s.frv. Niður við sjóndeildarhring sjást norðurljós í allt að 100 km fjarlægð, en kúlulögun jarðarinnar veldur því, að fjarlægari norðurljós sjást ekki.


Nú liggur norðurljósabeltið sem næst hring, sem dreginn er á jörðina með segulpól í miðjum hringnum. Af því leiðir, að hér á landi er stefna beltisins um það bil frá aust-norðaustri til vest-suðvesturs.

Til þess að ákvarða staðsetningu þessa beltis, með sem mestri nákvæmni, er nauðsynlegt að vita hæð norðurljósa yfir sjóndeildarhring í norð-norðvestri eða suð-suðaustri. Minna máli skiptir hversu hátt þau eru yfir sjóndeildarhring annars staðar. Einnig er mjög þýðingar-mikið, að fá upplýsingar um hvort norðurljós eru nálægt hápunktum himinsins.

SKÝRINGARDÆMI

<p>Dag... 19. Kl 2250 Skyjahula ... Styrkl. nl. ... Magn nl. ...</p>	<p>Dag 19. Kl 2240 Skyjahula ... Styrkl. nl. ... Magn nl. ...</p>	<p>Dag 19. Kl 2230 Skyjahula ... Styrkl. nl. ... Magn nl. ...</p>	<p>Dag 19. Kl 2245 Skyjahula ... Styrkl. nl. ... Magn nl. ...</p>
--	---	---	---

NOKKRAR NORDURLJÓSAATHUGANIR



HÆÐARMÆLIR

SÝNIR 48 STIG